

Alþingi  
Erindi nr. P 138/2734  
komudagur 8.6.2010



Umhverfisnefnd Alþingis  
Nefndasviði  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 04.06.2010

**Efni: Umsögn Orkuveitu Reykjavíkur um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, 514. mál**

Orkuveitu Reykjavíkur hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, 514. mál. Í frumvarpinu er lagt til að frestur umhverfisráðherra til að úrskurða í kærumálum skv. lögnum, þ.e. varðandi ákvarðanir Skipulagsstofnunar um matskyldu framkvæmda og sameiginlegt mat, lengist úr tveimur í þrjá til sex mánuði.

Orkuveita Reykjavíkur leggst eindregið gegn því að frestir séu lengdir. Framkvæmdaraðilar, þ. á m. Orkuveita Reykjavíkur, hafa ríka hagsmuni af því að stjórnsýsla við formlegan undirbúning framkvæmda sé skilvirk. Öll óvissa um tímafresti og framgang við undirbúning framkvæmda er afar bagaleg og veldur tjóni. Því er ítrekuð andstaða við þá breytingu sem lögð er til með frumvarpinu.

Virðingarfyllt,



Elín Smáradóttir, hdl.